



## **Drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða**

**Mál nr. 318/2019**

### **Umsögn Ferðaklúbbsins 4x4**

Ferðaklúbburinn 4x4 getur að svo stöddu ekki stutt stofnun Þjóðgarðastofnunar. Helsta ástæðan er að það stjórnsýslukerfi sem í gangi er í Vatnajökulsþjóðgarði hefur ekki virkað sem skildi og því hræðumst við þá miklu valdabaráttu sem á eftir að koma upp í svo flóknu stjórnfyrirkomulagi.

Sá þjóðgarður sem stuðst er við sem fyrirmynd í uppbyggingu stofnunarinnar er VJP sem hefur nú verið rúm 6 ár að velkjast með tilmæli umhverfisráðherra frá 2013 um endurskoðun á málefnum Vonarskarðs og ekki sér fyrir endann á þeim vandræðagangi enn. Burtséð frá sjálfu málefninu, þá er þessi langi tími og að mörgu leyti ámælisverð framganga þeirra sem hafa völd á þessari vegferð hrópanði sönnun þess að staldra þarf við og skoða hvað er að gerast frekar en að færa svona stofnunum enn víðtækari og meiri völd.

Við teljum frumvarpsdrögin annars ágæt efnislega séð og gerum ekki margar athugasemdir varðandi einstakar greinar þess.

Við fögnum því að hagsmunasamtök meðal almennings fái virka aðkomu að stjórnun og teljum það hafa gefist vel í VJP. Við gerum þó athugasemd við að fulltrúar útisvistarsamtaka fái ekki fulla aðild að stjórnun annara þjóðgarða en hálendisþjóðgarðs.

Við gerum einnig athugasemd við bann við lendingu loftfara nema með leyfi frá þjóðgarðsverði og teljum það alltof víðtækt bann. Nær væri að beina banninu að fjölförnum stöðum, viðkvæmum stöðum og þar sem vernda þarf dýralíf. Bann við notkun á flygildum án sérstaks leyfis á stórum hlutum landsins að vetri og jöklum að sumri teljum við til dæmis langt umfram þörf og hæpið að standist reglur um meðalhóf.

Við mótmælum ákvæði í 37. grein um refsíabyrgð sem kveður á um upptöku eigna ef brot varða „alvarleg spjöll á náttúru landsins“ eða eru „sérlega vítaverð“. Þetta eru að okkar mati alltof loðin og huglæg viðmið fyrir svona þunga refsingu og við bendum á þá miklu ósanngirni að gera upp á milli þeirra sem eru á eigin ökutæki og þeirra sem eru á láns- eða leigutæki.



Við sjáum ekki hvernig fyrirhugað verður að greiða fyrir vinnu við setu í ráðum og stjórnnum og bendum á að ekki er sanngjarnt að ætlast til þess að áhugamannasamtök manni svo margar stöður án sanngjarnrar greiðslu til að koma á móts við vinnutap.

Fyrir stofnun svo valdamikils og víðtæks stjórnvalds eins og þjóðgarðastofnun yrði, teljum við að þurfi meiri undirbúning og skýringu á markmiðum, stefnu og fjármögnun.

Reykjavík 21. janúar 2020

Sveinbjörn Halldórsson

formaður Ferðaklúbbsins 4x4